

manni sínum í málinu, Birni P. Kalman hrm., kr. 120.00 í málsvarnarlaun, svo og gæzluvarðshaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1938.

Nr. 46/1937. **Guðmundur Jónasson** (Sjálfur)

gegn

**fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkis-
sjóðs og Birni Þórðarson lögmanni.**

(Enginn).

Frávisun. Áfrýjunarfrestur liðinn.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í for-
föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti 29. október 1937, og var þá mætt í því af hálfu beggja aðilja. Síðan hefir málinu verið frestað 3 sinnum eftir ósk aðilja. Við fyrirtekt málsins 11. þ. m. var ekki mætt af hálfu hinna stefndu, og hefir málið því verið rek-
ið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp í gestarétti Reykjavíkur 6. janúar 1937. Áfrýjunarstefna í mál-
inu er útgefin 12. maí 1937. Þar eð málskotsfrestur var þá liðinn, sbr. 197. og 222. gr., e-lið, laga nr. 85/1936, og áfrýjandi hefir ekki aflað áfrýjunarleyfis, þá verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti.

Þar eð stefndu mættu ekki í málinu, eins fyrr segir, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 6. jan. 1937.

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 21. okt. s. l. af Guðmundi Jónassyni, Frakkanesi Dalasýslu, gegn Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til ómerkingar úrskurði fjármálaráðuneytisins skv. bréfi frá 24. sept. 1935, og til greiðslu skaðabóta allt að kr. 10000.00 og alls málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af skaðabóta- og málskostnaðarkröu stefnanda, en sér verði hinsvegar tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Síðar í rekstri málsins hefir stefndur og krafizt þess, að stefnandi yrði sektaður fyrir óþarfa þrætu og ósæmilegan rithátt.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að sér hafi tvisvar sinnum verið, að því er hann telur, ranglega synjað um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, og eftir að hafa kært til fjármálaráðuneytisins út af þessum neitunum gjaldeyris- og innflutningsnefndar, hafi ráðuneytið með bréfi dags. 24. sept. 1935 staðfest gerðir nefndarinnar. Krefst stefnandi þess, að ómerktur verði með dómi þessi úrskurður ráðuneytisins, en þar sem rétturinn lítur svo á, að það heyri ekki undir dómsvaldið að úrskurða þessi mál, heldur undir handhafa framkvæmdarvaldsins, þá ber að vísa þessum kröfulið stefnanda frá dómi ex officio.

Skaðabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að framangreindar gerðir gjaldeyris- og innflutningsnefndar og fjármálaráðuneytisins hafi bakað sér þetta tjón, og þar sem stefndur sé yfirmaður þeirra og beri ábyrgð á þeirra verkum, beri honum f. h. rikissjóðs að greiða sér þessar skaðabætur. Þar sem ekki er annað upplýst í málinu, en að gjaldeyris- og innflutningsnefnd og fjármálaráðuneytið hafi í framangreindum tilfellum fylgt að öllu leyti fyrirmælum þeim, er lög um gjaldeyrisverzlun nr. 11 1935 gera ráð fyrir, að fjármálaráðherra setji um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og stefnandi hefir ekki að öðru leyti, gegn ákveðnum mótmælum stefnds, fært sönnur á, að stefndur

eigi nokkra sök á því tjóni, er hann telur sig hafa orðið fyrir, þá verður skaðabótakrafa stefnanda í máli þessu ekki tekin til greina.

Í einu sóknarskjali sínu hefir stefnandi viðhaft eftirfarandi orð: „.... og eftir hvaða lögum sitja ráðherrar, sem þannig hegða sér, að verða opinberir glæpamenn í stjórn þjóðfélagsins, sem á að vera skipuð óútasetjanlegum heiðursmönnum.“ Þar sem telja verður þessum ósæmilegu ummælum beint að stefndum eftir því sambandi, sem þau standa í, þá ber að ómerkja þau og refsa stefnanda fyrir þau. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 20 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, tveggja daga einfalt fangelsi. Í sekt fyrir óþarfa þrætu þykir ekki ástæða til að dæma stefnanda, og með því að stefndur hefir látið málaflutningsmann mæta fyrir sína hönd við sáttatilaun í málinu, verður að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Framangreindri kröfu stefnanda um ómerkingu á úrskurði fjármálaráðuneytisins visast frá dómi ex officio. Stefndur, Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Guðmundar Jónassonar, í máli þessu, en greiði stefnandanum kr. 30.00 í málskostnað.

Framangreind ósæmileg ummæli eiga að vera dauð og ómerk, og greiði stefnandi 20.00 kr. sekt í ríkissjóð fyrir þau, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 2ja daga einfalt fangelsi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.